# dk

- Áramótavinnslur-

## Vinnslur í lok árs

5. janúar 2010

**dk hugbúnaður ehf**
**Hlíðasmára 17**
**201 Kópavogur**
**Sími 510 5800**
**dk@dk.is**

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... 2

Áramótavinnslur í dk ..... 3

Hvað þarf að gera almennt um áramót í dk? ..... 3

Hvað þarf að gera í fjárhagskerfinu um áramót? ..... 3

Hvað þarf að gera í skuldunautakerfinu um áramót? ..... 8

Hvað þarf að gera í lánardrottnakerfinu um áramót? ..... 8

Hvað þarf að gera í sölukerfinu um áramót? ..... 10

Hvað þarf að gera í birgðakerfinu um áramót? ..... 11

Hvað þarf að gera í innkaupakerfinu um áramót? ..... 13

Hvað þarf að gera í verkkerfinu um áramót? ..... 13

Hvað þarf að gera í launakerfinu um áramót? ..... 14

Hvað þarf að gera í dkPOS afgreiðslukerfinu um áramót? ..... 17

© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 

# Áramótavinnslur í dk

Huga þarf að eftirfarandi atriðum í dk um áramót.

- Hvað þarf að gera almennt í dk.
- Hvað þarf að gera í fjárhagskerfi.
- Hvað þarf að gera í skuldunautakerfi.
- Hvað þarf að gera í lánardrottnakerfi.
- Hvað þarf að gera í sölukerfi.
- Hvað þarf að gera í Birgðakerfi.
- Hvað þarf að gera í Innkaupakerfi.
- Hvað þarf að gera í Verkkerfi.
- Hvað þarf að gera í Launakerfi.
- Hvað þarf að gera í dkPOS afgreiðslukerfinu.

**Hvað þarf að gera almennt um áramót í dk?**

Stofna þarf nýtt bókhaldstímabil (bókhaldsár). Það má gera á tvo vegu:

1. Velja Fjárhag – Uppsetning – Bókhaldstímabil og síðan [INS Ný ]
2. Velja Almennt – Bókhaldstímabil og síðan [INS Ný ]

Síðan má velja nýja bókhaldstímabilið sem sjálfgefið tímabil. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Velja Verkfæri – Velja bókhaldstímabil.

Nú má í raun hefja vinnslur í nýju bókhaldstímabili, svo sem skrá færslur í dagbók í fjárhag, skrá reikninga í lánardrottnakerfinu, stofna og prenta út reikninga, sölupantanir og tilboð í sölukerfinu, taka á móti vörum í innkaupakerfinu og birgðakerfinu, skrá tíma í verkkerfinu og reikna út laun í launakerfinu. Samtímis má vinna áfram í eldra bókhaldstímabili.

**Hvað þarf að gera í fjárhagskerfinu um áramót?**

Almennt er ekki nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í fjárhag, en nú þarf að hafa í huga breytingu á virðisaukaskattsprósentu úr 24,5% í 25,5% sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2010 og einnig er er mælt með því að lokastöður bókhaldslykla efnahags séu fluttar yfir á nýtt bókhaldstímabil sem byrjunarstöður.

**Breytingar vegna hækkunar á virðisaukaskatti úr 24,5% í 25,5%**.

Með innlestri á nýrri útgáfu þá breytast virðisaukaskatts flokkarnir þannig að prósentan sem áður var 24,5% hækkar í 25,5% og lýsingin breytist einnig. Þetta gildir fyrir bæði innskattsflokka og útskattsflokka

© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 




Lýsingin breytist, Prósentan hækkar og Gildir frá fær gildið 01.01.2010 og Eldri prósenta fær gildið 24,5%.

Varðandi bókhaldslyklana þá þarf að fara í þá lykla sem hafa 24,5% í heitinu og breyta því í 25,5% (sjá meðfylgjandi mynd). Rétt er að ítreka við notanda að ekki er mælt með því að stofna sér tekju- og gjaldalykla fyrir 25,5% vsk. Bókað er á sömu tekju- og gjaldalykla og 24,5% vsk. var bókaður á. Það merkir að tekju- og gjaldalyklarnir verða með blandaðann vsk.



Bókhaldslyklar

| >>> | Lykilnúmer | Lýsing | Flokkur | Tegund | VSK |
|---|---|---|---|---|---|
| | 010 | REKSTRARTEKJUR: | Rekstrarreikningur | Fyrirsögn/Samtala | |
| | 011 | SALA Á VINNU OG VÖRUM: | Rekstrarreikningur | Fyrirsögn/Samtala | |
| | 1000 | Reikningssala (vsk. 24,5%) | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| | 1150 | Útflutningur undanþegin vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U0 |
| | 1400 | Aðrar tekjur | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| | 1490 | Sala flutningskostnaður | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| | 1500 | Aðrar tekjur m/vsk | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| | 200 | REKSTRARGJÖLD: | Rekstrarreikningur | Fyrirsögn/Samtala | |
| | 205 | EFNISNOTKUN: | Rekstrarreikningur | Fyrirsögn/Samtala | |
| | 2100 | Efniskaup (vsk. 24,5%) | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | I3 |

Síðan þarf að stofna eftir þörfum nýja lykla fyrir 24,5% fyrir þá litlu notkun sem verðu á 24,5% eftir áramót, t.d. fyrir afskrifaðar kröfur – ef velta á uppruna fyrir 1. janúar 2010 er bakfærð eftir 1. janúar 2010 þá ætti hún að bakfærast með þeirri vsk. prósentu sem hún var upphaflega bókuð á. Stofna ætti því nýjan bókhaldslykil fyrir uppsöfnun á vsk. 24,5%, stofna nýjan vsk. flokk fyrir 24,5% vsk. og stofna nýjan bókhaldslykil fyrir vsk. af afskrifuðum kröfum 24,5%. Í dkBúbót eru flestir með afskrifaðar kröfur á útskattslyklum. Minnum á að gott er að nota ALT-INS til að afrita lykil í nýjan.

**© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.**

**Bókhaldslyklar**

| >>> | Lykilnúmer | Lýsing | Flokkur | Tegund | VSK |
|---|---|---|---|---|---|
| | 9450 | Ógreitt annað vegna starfsfólks | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 950 | VIRÐISAUKASKATTUR: | Efnahagsreikningur | Fyrirsögn/Samtala | |
| | 9511 | Innskattur v/rekstrar 25,5% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9512 | Innskattur v/rekstrar 14% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9513 | Innskattur v/vörukaupa 25,5% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9514 | Innskattur v/vörukaupa 14% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9515 | Innskattur v/innflutnings | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9516 | Innskattur v/kaupa á fastafjármunum | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9517 | Innskattur, handfæraður | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9518 | Innskattur v/rekstrar 7% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9519 | Innskattur v/vörukaupa 7% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9520 | Innskattur v/24,5% (eldri vsk.) | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9531 | Útskattur v/25,5% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9532 | Útskattur v/14% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9533 | Útskattur v/7% | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9534 | Útskattur v/ 24,5% (eldri vsk.) | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |
| | 9535 | Uppgjörsreikningur fyrir vsk. | Efnahagsreikningur | Bókunarlykill | |

Hér eru nýir bókhaldslyklar fyrir 24,5% vsk. (bókhaldslyklar 9520 og 9534)

**Tenging bókhaldslykils við deildir. Bókhaldslykill: 9534 Útskattur (eldri vsk.24,5%)**

**Tenging bókhaldslykils við deildir**

Hér er hægt að tengja saman bókhaldslykil og deildir og með því ákveða hvaða deildir má nota með bókhaldslykli.
Hér fyrir neðan má sjá dálk sem heitir "Merkt" og ef X er í þeim dálk þá má bóka á þá deild fyrir valin bókhaldslykil.

Bókhaldslykill: 9534 Útskattur (eldri vsk.24,5%)

| Merkt | Númer deildar | Heiti deildar | Lokað fyrir bókun | Starfsemi undanþegin VSK |
|---|---|---|---|---|
| X | 00 | Efnahagur og óskipt | | |
| | 10 | Túnreikningur | | |
| | 11 | Grænfóður | | |
| | 12 | Kornrækt | | |
| | 13 | Traktorsgrafa | | |
| | 14 | Dráttarvél | | |
| | 17 | Einkabíll, jeppi | | |
| | 20 | Mjólkurframleiðsla | | |
| | 21 | Holdanaut | | |
| | 30 | Sauðfjárrækt | | |

ESC Hætta

Ef notaðar eru deildir þarf að tengja bókhaldslyklana við deildir með því að velja F5 Valmynd og tenging við deildir. Ýtt er á bilstöng þegar viðkomandi deild er ljómuð og kemur þá X fyrir framan deildina.

Næst skal útbúa virðisaukaskattsflokka í valmyndinni Fjárhagur – Virðisaukaskattur – Virðisaukaskattsflokkar fyrir inn- og útskatt.

**© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.**




Hér er búið að stofna nýjan vsk. flokk I99 sem er fyrir 24,5% og gildir frá 01.01.2010. Sama þarf að gera fyrir útskatt, stofna nýjan vsk. flokk U99 sem er fyrir 24,5% og gildir frá 01.01.2010.




© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4590 | Gjafir og styrkir | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 4640 | Tap v/kassauppgjörs | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| 4650 | Þjónustugjöld og fit kostnaður | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 4654 | Þjónustugjöld Visa/Euro | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 4670 | Starfsábyrgðartrygging | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 4680 | Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| 4681 | Afskrifaðar og niðurf. kröfur 24,5% vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U99 |
| 4685 | Mismunur álagðra og reiknaðra opinb. gj. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 4690 | Annar kostnaður | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | I1 |
| 4691 | Annar kostnaður án vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |

Hér er búið að stofna nýjan bókhaldslykil 4681 fyrir afskrifaðar og niðurfærðar kröfur sem báru 24,5% virðisaukaskatt (kröfur fyrir 1. janúar 2010). Sama þarf að gera í tekjuhlið ef afskriftarlyklar eru þar (nýr lykill 2961 fyrir eldri kröfur með 24,5% vsk.).

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2900 | Tryggingarbætur | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 2910 | Sala fullvirðisréttar | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 2920 | Niðurfelling skulda | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 2930 | Birgðabreyting | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 2950 | Bústofnsbreyting | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | |
| 2960 | Tapaðar viðskiptakröfur með 25,5% vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U1 |
| 2961 | Tapaðar viðskiptakröfur með 24,5% vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U99 |
| 2965 | Tapaðar viðskiptakröfur með 14% vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U2 |
| 2966 | Tapaðar viðskiptakröfur með 7% vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U3 |
| 2970 | Tapaðar viðskiptakröfur án vsk. | Rekstrarreikningur | Bókunarlykill | U0 |

Muna þarf að tengja bókhaldslyklana við deildir að þessu loknu.

**Flutningur á opnunarstöðum yfir á nýtt ár**

Það er gert á eftirfarandi hátt:

Velja *Fjárhagur – Vinnslur – Opnunarstöður*.




Þegar ýtt er á [F12 Staðfesta ] verður til dagbók sem þarf að yfirfara, prenta og uppfæra.

Nú verður til byrjunarstaða á alla efnahagslykla sem höfðu lokastöðu á fyrra ári.

**© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.** 

Þessa aðgerð má framkvæma eins oft og þurfa þykir, dk fellir niður fyrri opnunarstöður og býr til nýjar (þ.e. nýja dagbók sem þarf eins og áður að yfirfara, prenta og uppfæra).

Þetta þýðir í raun að strax og búið er að stofna nýtt bókhaldstímabil má framkvæma vinnsluna opnunarstöður og síðan má halda áfram að skrá færslur á fyrra ár.

## Hvað þarf að gera í skuldunautakerfinu um áramót?

Ekki er nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í skuldunauta-kerfinu.

Þó er rétt að huga að einu atriði er snertir innheimtukerfi banka sem er fylgiskjalssería fyrir bókun á greiddum kröfum.

Velja *Innheimtukerfi banka – Uppsetning – Bókun greiddra krafna*




Taka þarf ákvörðun um hvort núllstilla eigi númeraseríuna eða láta hana halda áfram að telja.

## Hvað þarf að gera í lánardrottnakerfinu um áramót?

Ekki er nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í lánardrottna-kerfinu, en fljótlega þarf að huga að a.m.k. tveim atriðum sem eru prentun launamiða og fylgiskjalssería fyrir skráningu reikninga og greiðslu reikninga.

## Fylgiskjalssería fyrir skráningu reikninga:

Velja *Lánardrottnar – Uppsetning – Almennar stillingar – Lánardrottnar - Skrá reikninga*



Taka þarf ákvörðun um hvort núllstilla eigi númeraseríuna eða láta hana halda áfram að telja. Þetta á við ef valið er að vera með sér fylgiskjalsseríu.

### Fylgiskjalssería fyrir greiðslu reikninga:

Velja *Lánardrottnar – Uppsetning – Almennar stillingar – Lánardrottnar - Greiðsla reikninga*.

Taka þarf ákvörðun um hvort núllstilla eigi númeraseríuna eða láta hana halda áfram að telja. Þetta á við ef valið er að vera með sér fylgiskjalsseríu.

### Prentun launamiða í lánardrottnakerfinu:

Til að prenta út launamiða á lánardrottna veljum við:

*Lánardrottnar – Uppsetning – Launamiðar (RSK 2.01) – [F5 Valmynd ] – Útbúa launamiða*.




dk stofnar nú launamiða á alla lánardrottna sem hafa hreyfingu (reikninga) og ef merkt er við Launamiði (RSK 2.01) inn á spjaldi þeirra.

Launamiða og launaframtal má síðan prenta út og einnig má setja launamiða á diskettu.



## Hvað þarf að gera í sölukerfinu um áramót?

Ekki er nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í sölukerfinu, en rétt að leiða hugann að fylgiskjalsseríu fyrir bókun reikninga yfir í fjárhag sem er sýnt í næsta lið.

Vegna breytinga á virðisaukaskattprósentu úr 24,5% í 25,5% sem kom til framkvæmda 1. janúar 2010 þarf að huga að breytingu á lýsingu (formi) fyrir reikninga, sölupantanir og tilboð. Fara þarf í Sölureikningar – Uppsetning – Almennar stillingar og í flipann Prentun sölureikninga. Fara í Fletta og hægrismella á valda reikningslýsingu og velja að opna í Notepad




Breyta þarf **24,5** í texta í **25,5** í þremur línum sem eru saman. Þetta þarf líka að gera fyrir tilboðslýsingar og sölupantanalýsingar ef í þeim er verið að prenta út með vsk. Ath. að ef prenta þarf út reikninga frá fyrra ári þarf að ljúka því áður en lýsingunni er breytt, eða geyma afrit af lýsingunni undir öðru nafni.

© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.




Þeir sem eru í hýsingu hjá BÍ þurfa ekki að breyta lýsingunum, það hefur nú þegar verið gert en ef þeir þurfa að prenta út reikninga dags. í des 2009 eða eldri þurfa þeir að sækja aðra reikningslýsingu fyrir reikninga með sama nafni og endingunni _gamalt.ide

**Fylgiskjalssería fyrir bókun sölureikninga:**

Velja *Sölureikningar – Uppsetning – Almennar stillingar – Bókun sölureikninga*




Taka þarf ákvörðun um hvort núllstilla eigi númeraseríuna eða láta hana halda áfram að telja. Þetta á við ef valið er að vera með sér fylgiskjalsseríu.

**Hvað þarf að gera í birgðakerfinu um áramót?**

Almennt er ekki nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í birgðakerfinu, en nú þarf að hafa í huga breytingu á virðisaukaskattsprósentu úr 24,5% í 25,5% sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2010 og þá þarf að fara í verðbreytingu í birgðakerfinu og láta kerfið uppfæra öll verð með tilliti til breyttrar vsk. prósentu, notandinn getur valið að halda útsöluverðinu óbreyttu, þá lækkar álagningarprósentan eða að hækka útsöluverðið sem nemur hækkuninni á vsk. úr 24,5% í 25,5%.

Velja þarf í brigðakerfinu – Verðbreytingar – Verðbreyting v/VSK prósentu breytinga.

**© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.** 







Hér þarf að taka ákvörðun um hvort halda eigi útsöluverði óbreyttu eða hækka það sem nemur hækkuninni á vsk. úr 24,5% í 25,5%.

Ennig er rétt að leiða hugann að birgðatalningu (vörutalningu) um áramót í birgðakerfinu.

**Birgðatalning (vörutalning):**

Um áramót standa fjölmörg fyrirtæki í vörutalningu. Eins og allir vita er ekki sama hvernig staðið er að talningum. Mikilvægt er að undirbúa talningu vel, standa vel að verki og síðast en ekki síst vinna rétt úr þeim gögnum sem verða til við talninguna.

Undirbúningur að vörutalningu felur meðal annars í sér að nauðsynlegar bókanir (skráning á vörum inn og út af lager) hafi verið framkvæmdar, eldri óþarfa gögn (vörur) hreinsaðar út, talningabækur stofnaðar, talningablöð prentuð út, talningasvæði (birgðageymslur) skipulögð o.þ.h., sjá til þess að allt sé klárt fyrir innlestur úr handtölvum.

Endurtalningar og leiðréttingar getur þurft að framkvæma.

Uppgjör (bókun) talningarinnar eru ekki síður mikilvæg. Eru allar tölur eðlilegar? Er eitthvað um færslur með óeðlilegu magni? Er mikið um óþekkt strikamerki? Hvernig meðhöndlum við sölu og innkaup sem áttu sér stað á meðan á talningu stóð? Eru dagsetningar réttar?

Til að stofna talningadagbók þarf að:

Velja *Birgðir – Birgðabreytingar – Talningar* og [INS Ný ] (stofna nýja birgða-dagbók). Birgðabókin fær nú lýsingu og því næst er valið [F5 Valmynd ] – Útbúa talningadagbók.




Hægt er að lesa inn í talningadagbókina t.d. einn vöruflokk og velja síðan frá [F5 Valmynd ] Prenta talningalista.

Við vörutalningu er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Best er að stofna talninga á þeim degi þegar talningin er framkvæmd.

Best er að stofna litlar talningadagbækur í einu, t.d. taka fyrir einn vöruflokk og telja hann.

Best er að stofna talningadagbók og framkvæma strax talningu. Síðan má bíða með að skrá talninguna inn og uppfæra talningadagbókina.

Ef sala eða innkaup á sér stað meðan á talningu stendur þá þarf að taka tillit til þess við talninguna.

Hægt er að skrá inn dagsetningu við talningu.

Nauðsynlegt er að uppfæra alla talningu í síðasta lagi á dagsetningu 31. desember. Talning má þó eiga sér stað á fyrstu dögum nýs árs og best er að hvorki sala né innkaup eigi sér stað fyrr en eftir talningu.

## Hvað þarf að gera í innkaupakerfinu um áramót?

Almennt er ekki nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í innkaupakerfinu, en nú þarf að hafa í huga breytingu á virðisaukaskattsprósentu úr 24,5% í 25,5% sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2010 og þá þarf að sækja sér nýja tollskrá. Hana má sækja á vef Tollstjóra nú um áramótin og lesa inn í Innkaupakerfið með því að velja:

Innkaup – Uppsetning – Vinnslur – Lesa inn tollskrá

## Hvað þarf að gera í verkkerfinu um áramót?

Ekki er nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í verkkerfinu.

© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 

**Hvað þarf að gera í launakerfinu um áramót?**

Stofna þarf nýtt launaár í launakerfinu. Það má gera á eftirfarandi hátt:

Velja *Laun – Uppsetning – Launaár* og síðan [INS Ný ]

Setja þarf inn nýja tryggingargjaldsprósentu




Slá þarf inn nýjar staðgreiðsluforsendur. Það má gera með því að:

Velja *Laun – Uppsetning – Staðgreiðsluforsendur* og síðan [INS Ný ]




© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 




## Prentun launamiða og launaframtals í launakerfinu:




Þegar vinnslan *Launamiðar (RSK201)* er valin birtist tafla sem inniheldur launamiða launþega fyrir hvert ár. Allar undirvinnslur fyrir launamiða er að finna í F5 valmynd. Fyrst þarf að láta kerfið útbúa launamiða. Þá skal valin vinnslan *Útbúa launamiða*. Þegar sú vinnsla er valin birtist keyrslumynd.

**Rétt er að taka strax fram að þeir aðilar sem tóku launakerfið í notkun á miðju ári og þurfa að skrá inn heildartölur (upphafsstöðu) verða að hafa lokið allri skráningu áður en launamiðar eru gerðir. Sjá leiðbeiningar um skráningu heildartalna í handbók launakerfis.**

Hér þarf einungis að velja launaárið og ýta á F12 til að setja vinnsluna af stað. Þegar henni líkur hefur kerfið stofnað launamiða fyrir alla launþega sem hafa fengið greidd laun á völdu launaári. Ekki er búinn til launamiði þegar um reiknað endurgjald er að ræða. Hafi verið til launamiðar fyrir sama launaár, þá eru þeir einfaldlega uppfærðir með nýjustu upplýsingum.



Myndin hér til hliðar sýnir dæmi um skjámynd eftir að lokið hefur verið við að útbúa launamiða.

Ýmislegt er hægt að gera núna t.d. er hægt að skoða alla launaseðla valins launþega, skoða launamiðann á skjánum og fleira. (sjá dæmi um launamiða á skjá á næstu síðu). Einnig er unnt að ýta á Enter fyrir valinn launþega og þá er hægt að breyta tölum í þremur reitum sem eru reitur 12 (vikur alls), reitur 83 (ráðningartími sjómanna – dagafjöldi) og loks reitur 87 (fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga).




Vinnslan *Prenta launamiða*, prentar síðan út launamiða á pappír. Þegar sú vinnsla er valin birtist keyrslumynd.

Hér þarf að velja launaár, hvort prenta eigi út alla launamiða eða aðeins fyrir einn launþega. Einnig er hægt að velja hvort einn launamiði prentast á hverja blaðsíðu eða þrír.

Eindregið er mælt með því að skila launamiðum til skattstjóra rafrænt. Til þess er vinnsla sem nefnist einfaldlega *Senda launamiða rafrænt*.

Vera kann að í vinnslunum *Senda launamiða rafrænt* komi kerfið með villuboð þess eðlis að það vanti að skrá skattstofu inn á sveitarfélagið. Komi slík athugasemd þá þarf að fara í vinnsluna *Sveitarfélög* sem er að finna undir *Laun – Uppsetning - Almennar töflur*. Finna síðan rétta sveitarfélagið og skrá síðan rétta skattstofu á sveitarfélagið.

**<u>ATH</u>. Boðið er upp á að senda launamiða rafrænt til ríkisskattstjóra (XML samskipti).**

Að síðustu er rétt að leiða hugann að fylgiskjalsseríu fyrir bókun launakeyrslu yfir í fjárhag.

**Fylgiskjalssería fyrir bókun launakeyrslu:**

Velja *Laun – Uppsetning – Almennar stillingar – Bókun launakeyrslu*




Taka þarf ákvörðun um hvort núllstilla eigi númeraseríuna eða láta hana halda áfram að telja. Þetta á við ef valið er að vera með sér fylgiskjalsseríu.

**© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn.** 

## Hvað þarf að gera í dkPOS afgreiðslukerfinu um áramót?

Almennt er ekki nauðsynlegt að framkvæma sérstaka vinnslu um áramót í dkPOS, en nú þarf að hafa í huga breytingu á virðisaukaskattsprósentu úr 24,5% í 25,5% sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2010 og þá þarf að senda ný verð niður á kassana eftir að búið er að keyra vinnsluna Verðbreyting v/VSK prósentu breytinga í birgðakerfinu (sjá í kaflanum um birgðakerfið fyrir í leiðbeiningunum).

Keyra vinnsluna Verðbreyting v/VSK prósentu breytinga í birgðakerfinu

Senda ný verð niður á alla kassa með því að velja í dkPOS bakvinnslukerfinu

Sækja frá dk – og merkja við Uppfæra allt og smella [Næsti >>]




Þegar búið er að sækja frá dk er valið að senda á kassa.

© dk hugbúnaður ehf. Allur réttur áskilinn. 

© 2009 dk hugbúnaður. Allur réttur áskilinn.

dk - Vinnslur í lok árs

Þetta rit er hugsað sem leiðbeinandi efni og getur efni þess breyst án fyrirvara. dk hugbúnaður ehf. tekur enga ábyrgð á villum eða rangfærslum sem gætu leynst í skjalinu. Bannað er að endurrita upplýsingar þessa skjals, deila því á opnum vettvangi eða senda það á einn eða annan hátt án þess að fyrir liggi skriflegt leyfi frá dk hugbúnaði ehf.

Ritað af dk hugbúnaði ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur.

www.dk.is